

Það er okkur sem störfum í Glerárkirkju mikið tilhlökkunarefni að fá að kynna 1999 árganginum og vonumst við eftir góðu samstarfi við börn og foreldra.

Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst á netfangið glerakirkja@glerarkirkja.is. Athugið það þarf að senda skráningu frá netfangi foreldris. Síðasti skráningardagur er 10. ágúst. Við brottför þarf að greiða þátttökugjald kr. 3000 en við getum haft þetta svona lágt því að styrkur frá Samherja er nýttur til niðurgreiðslu á ferðinni. Hægt er að sækja um niðurfellingu þátttökugjalds vegna fjárhagsörðugleika. Þeir sem þess óska eru beðnir að hafa samband við Pétur Björgvin.

Hver og einn þarf að taka með lak og sæng eða svefnpoka, handklæði, sundföt eða þess háttar (fyrir þau sem vilja busla í vatninu) og fatnað til útiveru (það getur orðið kalt við varðeldinn um kvöldið), íþróttaskó (fyrir þau sem vilja fara í fótbolta) og að sjálfsögðu má ekki gleyma fötum til skiptanna og tannburstanum!

Ferðin er skipulögð og henni stjórnað af Péttri Björgvini Þorsteinssyni, djákna í Glerárkirkju. Auk hans kemur starfsfólk sumarþáttanna við Hólavatn að dagskrá og matseld sem og Marína Ósk Þórólfsdóttir, kórstjóri Barna- og Æskulýðskóra Glerárkirkju. Nánari upplýsingar gefur Pétur: 864 8451, petur@glerarkirkja.is

Boðsbréf frá æskulýðsstarfi GLERÁRKIRKJU

Til þín sem ert fædd(ur) árið 1999!



Gleráirkirkju, 8. júní 2012

Kæru viðtakendur fædd 1999 og foreldrar.

Undirbúningur fyrir fermingarstörfin veturinn 2012 til 2013 er löngu hafinn í Gleráirkirkju og vonandi hafið þið veitt því eftirtekt að um áramótin síðustu tilkynntum við hvaða daga yrði fermt árið 2013 í Gleráirkirkju (smellið á fermingar á forsíðu glerarkirkja.is).

Í lok sumars 2012 ætlum við í Gleráirkirkju að bjóða upp á þá nýbreytni að öllum sem tilheyra væntanlegum fermingarárgangi (fædd 1999) er boðið að koma með í ferð á Hólavatn í Eyjafirði. Þar reka KFUM og KFUK sumarþing og höfum við fengið staðinn lánaðan fyrir ferðina og mun starfsfólk KFUM og KFUK aðstoða okkur.

Markmið ferðarinnar er fyrst og fremst að kynna æskulýðsstarfið sem Gleráirkirkja stendur fyrir og njóta samverunnar á Hólavatni og þess sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Í framhaldi af ferðunum fer svo fram kynning á fermingarstörfunum í Gleráirkirkju. Ferðin er því ekki formlegur hluti af fermingarfræðslunni og öllum úr árganginum hjartanlega velkomið að koma með óháð því hvort þau séu að hugsa um að fermast eða ekki.

Farnar verða þrjá ferðir:

- Krökkum úr Glerárskóla er boðið með 14. ágúst
- Krökkum úr Giljaskóla er boðið með 15. ágúst
- Krökkum úr Síðuskóla er boðið með 16. ágúst
- (Og ef þú ert ekki í neinum af þessum þremur skólum er þér velkomið að skrá þig með í þá ferð sem hentar þér best.)

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá á Hólavatni fyrir hópana. **Brottför er í hvert sinn frá Gleráirkirkju klukkan 16:30 síðdegis og komið er næsta dag klukkan 12:00 til baka.**

Óskandi væri að nokkrir foreldrar væru tilbúnir að koma með sem sjálfboðaliðar, handtökin eru mörg í svona ferð og ánægjan meiri hjá öllum þegar fleiri hendur hjálpa til.

Á sama hátt er það okkar von að geta mætt þörfum þeirra einstaklinga úr hópnunum sem búa við sérstakar aðstæður vegna fötlunar eða vegna tímabundinna eða langvarandi annarra áskorana. Til þess þurfum við aðstoð og ábendingar frá foreldrum. Því fyrr sem haft er samband við okkur, þeim mun líklegra að við getum fundið lausn sem er við allra hæfi. Þá er vert að nefna að ef einhver vill koma með en sleppa því að gista þá er það velkomið að sækja viðkomandi um kvöldið.